

Nr. 029 / 15 Lagarfoss V2QK5**Skipverji slasast á handlegg**

IMO nr. 9641314
Smíðaður: Kína 2014, stál
Fánaríki ANTIGUA & BARBUDA
Stærð: 10.106 BT
Mesta lengd: 140,68 m
Breidd: 23,20 m Dýpt: 8,70 m
Vél: MaK
Fjöldi skipverja: 12



Lagarfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júlí 2014 var Lagarfoss á siglingu í Gulahafi. Veður: NA 8 m/sek.

Skipverji var á leið niður í 3 - lest til að lesa hitastig af mælum gáma. Þegar hann kom niður á pall í lestinni og ætlaði að halda áfram niður í annan stiga rak hann olnboga vinstri handleggs í stigaendann og kenndi mikið til. Hann bólgaði og marðist.

Við rannsókn kom fram:

- að stiginn var lóðréttur niður í lestina, bláendinn rúnnaður og stóð upp með palli á milli hæða. Fram kom að mikil þrengsli væru í lestarniðurgangi, meira en menn áttu að venjast en lýsing væri góð;
- að skipið var nýtt í sinni fyrstu ferð og menn að venjast því.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.